

## AUGLÝSING

### um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunar og fjárlög fyrir árið 2013 hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra ákveðið fjárhæð niðurgreiðslna sem hér segir:

- a) Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar verður sem hér segir:**
- |   |                 |
|---|-----------------|
| á veitusvæði HS veitna                      | 3,34 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli | 4,99 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli  | 3,30 kr./kWst., |
| á veitusvæði Rafveitu Reyðarfjarðar         | 3,08 kr./kWst., |
| á veitusvæði RARIK í dreifbýli              | 5,19 kr./kWst., |
| á veitusvæði RARIK í þéttbýli               | 3,45 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur          | 3,81 kr./kWst., |
| á veitusvæði Norðurorku                     | 3,13 kr./kWst.  |
- b) Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum.**
- |                   |                            |
|-------------------|----------------------------|
| RARIK             | 2,50 kr./kWst.,            |
| Orkubú Vestfjarða | 2,40 kr./kWst.,            |
| HS veitur         | 87,70 kr./m <sup>3</sup> . |
- c) Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar.**  
Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðaltali niðurgreidds raforkuverðs til húshitunar í dreifbýli, nýtni olíuhitunarkerfis og olíuverðs á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.
- d) Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis.**  
Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 1,50 kr./kWst.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunar og fjárlög fyrir árið 2013 hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra ákveðið að hámarksfjöldi niðurgreiddra kWst./ári til hitunar verði 40.000 kWst. sem svarar til 888 m<sup>3</sup>/ári hjá kyntum hitaveitum og 4.480 lítrar af olíu á ári hjá þeim sem hita með olíu.

Fjárhæðir niðurgreiðslna til húshitunar samkvæmt auglýsingu þessari taka gildi frá og með 1. janúar 2013.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. desember 2012.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

*Kjartan Gunnarsson.*